



Kópavogur, 16. október 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Arnarsmári

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Arnarsmára uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://reykjavikurborg.is/leikskolur)



Leikskóli: Arnarsmári

Dagsetning yfirferðar: 24. september 2025.

Starfsáætlun	Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Greinargóður inngangur um áherslur í starfinu síðasta skólaár ásamt þeim áskorunum sem starfsfólk skólans tókst á við.
Skólastarfið/Leiðarljós		Vel er skilgreint fyrir hvað skólinn stendur ásamt einkunnarorðum hans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Góð samantekt er á því innra mati sem framkvæmt var á skólaárinu.
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Góð samantekt er á því ytra mati sem framkvæmt var á skólaárinu en Skólapúlsinn lagði fyrir könnun meðal starfsfólks og foreldra.
Umbótaáætlun leikskólans		Greinagóð umbótaáætlun er meðfylgjandi
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs • Arnarsmári hefur verið Réttindaskóli UNICEF síðan 2022 og fékk endurnýjun í lok síðasta skólaárs. • Áhersla verður á komandi skólaári að endurskoða læsisstefnu skólans ásamt því að útbúa málstefnu. Skipulagsdagar verða nýttir í þessa vinnu. • Endurskoðun skólanámskrár gengur vel og er stefnan sett á að gefa hana út á haustmánuðum. Nýjar áherslur í aðalnámskrá hafa verið kynntar starfsfólki. • Hæfniramar í íslensku hafa verið kynntar kennurum skólans en ekki er mikil þörf á nýtingu þeirra þar sem ekki eru mörg börn í skólanum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. • Allt fagfólk skólans hefur farið á námskeið vegna farsældarlagana annað starfsfólk



		mun sækja fræðslu um lögin í gegnum Fræðslutorg. • Lausnarteymi er starfandi við skólann. • Hvetjum stjórnendur til að segja frá í næstu starfsáætlun hvernig unnið er með verkefnið „Okkar leikskóli“.
Þróunar- og nýbreytnistarf		Vel kemur fram hvaða þróunar- og nýbreytnistarf verður á komandi skólaári.
Foreldrasamstarf		Fram kemur að kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á haustfundi árlega. Bæta mætti við hvernig foreldrar eru upplýstir um hverjir sitja í ráðinu og félaginu.
Starfsfólk		Góð samantekt er á samsetningu starfsmannahópsins ásamt stöðugildum.
Símenntunaráætlun		Greinagóð símenntunaráætlun fylgir
Skipulagsdagar		Vel eru skilgreind viðfangsefni skipulagsdaga skólaársins. Stefnt er á námsferð í maí og mun því verða sótt um sjötta skipulagsdaginn miðvikudaginn 13. maí 2026.
Aðrar upplýsingar		Fram kemur hve mörg börn verða í skólanum næsta skólaár ásamt aldursskiptingu þeirra og dvalartíma. Einnig kemur fram fjöldi barna með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn, dvalartími barna ásamt því að tilgreint er stöðugildi vegna sérkennslu.
Húsnæði og lóð		Vel er útlistað hvaða viðhald hefur farið fram á liðnu ári ásamt ósk um viðhald á komandi skólaári.
Öryggismál		Starfandi er öryggisnefnd og áfallaráð við skólann. Fram kemur að ekkert alvarlegt slys hafi orðið á börnum á skólaárinu en fjögur börn fengu litla skurði á andlit, eitt barn féll af stól og fékk höfuðhögg. Annað var smávægilegt.
Lokaorð		Áherslur og umbætur í leikskólastarfinu eru gerð góð skil.
Fylgigögn		➤ Umbótaáætlun



		➤ Símenntunaráætlun ➤ Skóladagatal ➤ Umsögn foreldraráðs
Umsögn foreldráðs		Umsögn foreldraráðs er metnaðarfull og lýsa þau yfir ánægju sinni með starf leikskólans ásamt foreldrasamstarfi. Einnig eru ráðið með hugleiðingar sem snúa að uppbyggingu innviða samhliða fjölgun íbúa í hverfinu.